



1555. stjórnarfundur

Íþróttamiðstöðin í Laugardal
6.11.2013, kl. 11:30

Frímenn Ari Ferdinandsson

-
- Fundargerð 1554. fundar**
Samþykkt.
 - Íþróttamaður Reykjavíkur 2013**
Rætt um framkvæmd viðburðarins og undirbúning fram að því. Kallað verður eftir ábendingum frá félögunum og kannað með nýja gripi. Stefnt að því að halda viðburðinn á undan Íþróttamanni ársins.
 - Heiðursviðurkenning íþróttamanna**
Samþykkt að vinna að reglugerð fyrir viðurkenninguna. Einnig að setja fram lista með nöfnum.
 - Mannvirkjahópur**
Í framhaldi af samþykkt stjórnar frá því fyrr á árinu var samþykkt að Viggó, Haukur Þór Hauksson, Björn, Brynja og Anna Lilja skipi vinnuhóp sem skoði stöðu mála varðandi íþróttamannvirki í borginni og þörf á frekari uppbyggingu út frá fjölda íbúa og iðkenda. Hópurinn á að skila fyrstu niðurstöðum í febrúar 2014.
 - Formannafundur ÍSÍ**
Borist hefur boð á formannafund ÍSÍ sem haldinn verður 29. nóvember n.k.
 - Heilsuefling barna á grunnskólaaldri**
Lagt fram bréf Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar vegna ráðstefnu um heilsueflingu grunnskólabarna.

Fundi slitið um kl. 13:00.

Frímenn Ari Ferdinandsson, ritaði fundargerð